



Skólaráðsfundur

Dagsetning: 1. mars 2021

Fundarmenn sem voru mættir: Kristinn Guðlaussón skólastjóri, Hulda Sólveig Jóhannsdóttir og Wendy Richards fulltrúar kennara, Agnes Ægisdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Markús Már Hilmarsson og Dröfn Pétursdóttir fulltrúar nemenda og Magnús Gunnarsson fulltrúi grendarsamfélagsins. Guðvarður Ólafsson og Arnar Þór Ásgrímsson fulltrúar foreldra (boðuðu forföll).

1. Skóladagatal Hvaleyrarskóla 2021-2022

Skólastjóri lagði fram skóladagatal næsta skólaárs. Fram koma að skólinn hefur ekki fengið svar varðandi Skólabúðir á Reykjum (7.bekkur) og Ungmennabúðir á Laugarvatni (9.bekkur). Verða þær upplýsingar settar inn þegar þær koma. Skóladagatalið var samþykkt.

2. Vetrarfrí í grunnskólum

Til umræðu var bókun frá fræðsluráði Hafnarfjarðar um vetrarfrí í grunnskólum Hafnarfjarðar. „Fræðsluráð óskar eftir því að skólaráð hvers grunnskóla fjalli um og skili álit til fræðsluráðs fyrir 15. mars um hvort ástæða sé til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á vetrarfrí í grunnskólum. Vetrarfrí í grunnskólum Hafnarfjarðar er tvískipt og því þörf á þeirri umræðu hvort halda á núverandi fyrirkomulagi, að vetrarfríið yrði í einu lagi og eða hvort vilji sé til þess að gera breytingu annað hvert ár.“

Fram kom m.a. hjá nemendum að þeim fannst fínt að hafa tvo vetrarfrísdaga að hausti og tvo vetrarfrísdaga að vera eins og verið hefur.

Skólaráð Hvaleyrarskóla er sammála um að hafa sambærilegt skipulag á vetrarfrí og verið hefur tvo daga haust og tvo daga á vori.

3. Farið yfir skólastarfið á tímum Covid-19

Skólastjóri fór yfir helstu breytingar sem áttu sér stað við nýja reglugerð sem tók gildi 24. febrúar sl. Þær eru helstar að nemendur mega koma saman 150, starfsfólk má koma saman 50 en þarf að viðhalda 1 metra fjarðlægðarmörk annars nota grímur. Foreldrar og fulltrúar frá skólaskrifstofu mega nú koma í skólana er þurfa þá að bera grímur. Grímuskilda er ekki lengur á göngum skólans.

4. Skólaárið 2021 – 2022

Skólastjóri fór yfir að umsóknum nemenda í 1. bekk er að ljúka og stefnir í að fleiri nemendur koma til með að vera í 1.bekk á komandi skólaári en þessu skólaári. Stefnt er að því að senda foreldrum svarbréf á allra næstu dögum.

Næsti fundur:

Fundi slitið kl. 15:50

Samantekt skráði: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri.